

## 281. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 13.12. 2010, kl.13.00.

### Mættir eru:

Oddný Sturludóttir, Páll Hilmarsson, Hjördís Jóna Gísladóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Karlsson, Herdís Sigurjónsdóttir og Guðrún Águsta Guðmundsdóttir.

Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir.

Gestir fundarins eru Ellý Guðmundsdóttir framkvæmdastýra umhverfis- og samgöngusviðs, Karl Sigurðsson formaður umhverfis- og samgönguráðs og Guðmundur B.Friðriksson starfsmaður umhverfis- og samgöngusviðs.

### Tekið fyrir:

#### 1. Kynning á framtíðarsýn Reykjavíkur í úrgangsmálum.

Ellý Guðmundsdóttir, Karl Sigurðsson og Guðmundur B.Friðriksson kynna framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í úrgangsmálum. Málið rætt.

#### 2. ELENA verkefni.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 10. desember 2010 varðandi ELENA verkefni Reykjavíkurborgar. Málið rætt.

Stjórn samþykkir að SORPA bs skuli taka þátt í umsókn, með Reykjavíkurborg, Strætó bs og Metan hf., um styrk frá Evrópusambandinu í ELENA verkefni sem draga á úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, Með þeim fyrirvara að aðildasveitafélögin samþykki verkefnið ef til kemur.

#### 3. Gjaldskrá / vörunúmerakerfi.

Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur kynna nýtt vörunúmerakerfi og samræmi þess við núverandi númerakerfi. Kerfið verður tekið upp um áramót.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 10. desember 2010 varðandi nýjan gjaldflokk í móttökustöð í Gufunesi og álagsgjald í Álfsnesi. Stjórn samþykkir að frá og með 1.1.2011 skuli neðangreindur gjaldflokkur taka gildi í móttökustöð í Gufunesi.

Blandaður pappírsúrgangur og sléttur pappi, allt að 10% umbúðir  
0,80 krónur á kiló án vsk. / 1.00 krónur á kilo með vsk.

Varan taki breytingum í samræmi við ákvörðun stjórnar SORPU bs. frá 29. júní 2009.

Stjórn samþykkir álagsgjald í Álfsnesi frá og með 1.1.2011 á farma sem eru lyktarsterkir og berast utan skilgreinds móttökutíma. Sama gildi um önnur brot á móttökuskilyrðum.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like OS, BJA, and others.

Álagsgjaldið verði 15% vegna þessa en þó aldrei lægra en 5.000 krónur fyrir hverja afgangsgjöldu.

þetta

Er þetta gert til reynslu. Ef aðgerðirnar eru ekki nægjanlegar til þess að beina viðskiptum með tímastýrðum móttökuskilyrðum þá mun vera skoðað að loka fyrir móttöku slíkra farma utan skilgreinds móttökutíma.

#### 4. Lyktarverkefni í Álfsnesi.

Lagt fram og kynnt af framkvæmdastjóra og yfirverkfræðingi "Viðhorfskönnun meðal íbúa Leirvogstungu og nágrennis, nóvember – desember 2010" sem unnin var af Capacen auk greinagerðar frá Mannvit vegna lyktarmála og lokun seyruholu á urðunarstað SORPU í Álfsnesi, dagsettri 10.12.2010.  
Málið rætt.

#### 5. Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

„Stjórn SORPU bs. leggst eindregið gegn tillögum um að stofnað verði sérstakt skilakerfi um einnota drykkjarvöruumbúðir og leggur áherslu á þá góðu reynslu sem er af núverandi fyrirkomulagi. Það er álit stjórnar SORPU bs. að sú tillaga sem fram kemur í 6. gr. frumvarpsins henti íslenskum aðstæðum illa m.a. í ljósi þess hve landið er fámennnt og dreifbýlt og því ekki forsendur til þess að vera mjög víða með mannaðar söfnunarstöðvar fyrir flokkaðan úrgang. Stjórn SORPU bs. leggur til að ábyrgð á meðhöndlun notaðra drykkjarvöruumbúða verði fært undir Úrvinnslusjóð, eins og gert var ráð fyrir þegar lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald voru sett eigi á annað borð að breyta kerfinu. Ekki verði ráðist í það að búa til flókið regluverk og mikið skriffræði um þennan málaflokk, eins og lagt er til í frumvarpinu. Jafnframt verði leitað leiða til þess að sníða ýmsa agnúa af núverandi kerfi, sem hefur m.a. verið gagnrýnt fyrir að mismuna einstökum tegundum drykkjarvöruumbúða.“

Framkvæmdastjóra falið að ganga að öðru leyti frá umsögn SORPU bs.

#### 6. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri leggur fram til upplýsingar kynningar og fræðsluþætti í starfi SORPU 2010.
- Kynntir styrkþegar Góða hirðisins við næstu styrkveitingu þann 17. desember.
- Kynnt gjaldskráhækkun SORPU bs. 1.1.2011, 1.44%.
- Yfirverkfræðingur kynntir tilraunarverkefni um flokkun málms úr timbri og grófum úrgangi í móttökustöðinni í Gufunesi.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 24.1.2011 klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Handís Þingv. Sigríður  
Höndis 1  
Cindri  
Höndis 1  
Cindri

Ólafur  
Björn  
Sigríður  
Björn  
Sigríður